

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur um nefndir, starfshópa og verkefnisstjórnir.

Í samræmi við orðalag fyrirspurnarinnar er í neðangreindu svari einungis taldir nefndarmenn sem fjármála- og efnahagsráðherra hefur skipað á tímabilinu 28. maí 2013 til 1. mars 2016. Varamenn eru ekki taldir með í svarinu. Sérgreindur kostnaður er sundurliðaður í töflu.

1. *Hvaða nefndir, starfshópa og verkefnisstjórnir hefur ráðherra skipað frá upphafi kjörtímabilsins, hvert var tilefni skipunar og hver eru meginviðfangsefni þeirra? Óskað er eftir að aðgreindar verði þær skipanir sem gerðar eru samkvæmt lögum og þær sem gerðar eru að frumkvæði ráðherra.*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi töflu.

2. *Hversu fjölmenn er hver nefnd, starfshópur og verkefnisstjórn?*

Í töflunni má sjá fjölda í hverri nefnd, starfshóp og verkefnisstjórn sem fjármála- og efnahagsráðherra skipaði í á tímabilinu.

3. *Hversu marga einstaklinga hefur ráðherra skipað í nefndir, starfshópa og verkefnisstjórnir frá upphafi kjörtímabilsins og hvert er hlutfall kvenna og karla í þeim?*

Ráðherra hefur skipað samtals 214 einstaklinga í nefndir, starfshópa og verkefnisstjórnir frá upphafi kjörtímabilsins; 115 karla sem eru 54% og 99 konur sem eru 46%.

4. *Hversu margar þessara nefnda, starfshópa og verkefnisstjórna hafa lokið störfum og hversu hátt er hlutfall þeirra af heildarfjölda nefnda, starfshópa og verkefnisstjórna skipuðum af ráðherra?*

Samtals hafa 18 nefndir, starfshópar og verkefnisstjórnir lokið störfum sem er 50% af þeim sem voru skipaðar samkvæmt ákvörðun ráðherra eða ríkisstjórnar en 41% af öllum þeim 44 nefndum og hópum sem koma fram í töflunni.

5. *Hversu hátt hlutfall einstaklinga, sem ráðherra hefur skipað í nefndir, starfshópa og verkefnisstjórnir frá upphafi kjörtímabilsins, er búsett á höfuðborgarsvæðinu?*

208 einstaklingar af þeim 214 sem ráðherra hefur skipað í nefndir, starfshópa og verkefnisstjórnir á tímabilinu eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu, eða um 97%.

6. *Hver hefur verið kostnaður við störf hvernar nefndar, starfshóps eða verkefnisstjórnar, hvernig sundurliðast hann og hver er heildarkostnaður vegna nefnda, starfshópa og verkefnisstjórna sem ráðherra hefur skipað frá upphafi kjörtímabils?*

Heildarkostnaður sem hefur fallið til hjá ráðuneytinu á tímabilinu sem nær yfir 2 ár og 9 mánuði er 46,6 millj. kr. Nánari sundurliðun er í töflunni.

Nefnd, starfshópur eða verkefnisstjórn (skipun dags.)	Tílefni og meginviðfangsefni	Skipun skv. lögum eða ályktun Alþingis	Ákvörðun ráðherra eða ríkisstjórnar	Störfum lokið	Fjöldi	Kostn. á tímabilinu 28.05.2013–1.03.2016	Samtals kr.
Bílanefnd (26.3.2015)	Fjármála- og efnahagsráðuneytinu til ráðuneytis um framkvæmd og eftirlit 9. gr. reglugerðar nr. 1281/2014.	X			3	Nefndarlaun 9.279.262	9.279.262
Endurkröfunefnd bifreiðatrygginga (14.9.2015)	Skv. 96. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, skipar ráðherra þriggja manna nefnd til að kveða á um hvort beita skuli endurkröfurétti vegna gáleysis eða ásetnings þess sem ábyrgð ber á tjóni sem váttryggingafélag hefur bætt samkvæmt umferðarlögum.	X			3		
Fjármálastöðugleikaráð (30.9.2014)	Vettvangur samráðs, upplýsingaskipta og stefnumótunar vegna fjármála-stöðugleika. Samhæfir viðbúnað opinberra aðila við fjármálakreppu.	X			3		
Úrskurðarnefnd um leiðr. verðtryggðra fasteignaveðlána (21.8.2014)	Heimilt er að kæra ákvörðun um fjárhæð leiðréttingar skv. 9. gr., framkvæmd leiðréttingar skv. 11. gr. og endurupptöku skv. 13. gr. til úrskurðarnefndar sem ráðherra skipar.	X			3	Nefndarlaun 9.426.055 ferðakostn. 1.000.614	10.426.669
Samninganefnd um tvísköttun (16.6.2014)	Undirbúa og annast viðræður við erlend ríki um gerð og endurskoðun samninga til að komast hjá tvísköttun, sem og frágang samninga. Vera fjármála- og efnahagsráðuneytinu til aðstoðar við þýðingar og annan frágang samninganna til formlegrar undirritunar, sem ráðuneytið annast í samráði við utanríkisráðuneytið. Endurskoða reglulega fordæmissamning Íslands og gera á honum breytingar í samræmi við fordæmissamning OECD og ákvarðanir íslenskra stjórnvalda. Annast útgáfu á kynningarefni um gildi og gagnsemi tvísköttunar-samninga.	X			3		
Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila um opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi (2.9.2013)	Skv. 7. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, skal sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila starfa í tengslum við Fjármálaeftirlitið.	X			5		
Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir (13.6.2014)	Vera ráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laga um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001, og leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberra framkvæmda á undirbúnings- og framkvæmdastigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð sem er undanfari verklegar framkvæmdar. Nefndin fylgist að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberra framkvæmda.	X			3		
Samninganefnd ríkisins (9.12.2013)	Fjármálaráðherra fer með fyrirvar ríkissjóðs við gerð og framkvæmd kjarasamninga samkvæmt lögum nr. 94/1986. Hann skipar nefndina til að annast samninga af sinni hendi og tilkynnir viðsejendum sínum skipan hennar. Nefndin annast alla kjarasamningagerð ríkisins, ekki þó fyrir Alþingi eða sjálfstæð fyrirtæki í eigu ríkisins eða sjálfseignarstofnanir.	X			15	Nefndarlaun 22.756.886	22.756.886
Starfshópur um úrbætur á staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts (20.4.2015)	Semja tillögur eða frumvarp, sé þess þörf, til laga um breytingu á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, einkum m.t.t. fyrirtækja á fjármálamarkaði.		X		3		

Nefnd, starfshópur eða verkefnisstjórn (skipun dags.)	Tílefni og meginviðfangsefni	Skipun skv. lögum eða ályktun Alþingis	Ákvörðun ráðherra eða ríkisstjórnar	Störfum Fjöldi	Störfum lokið	Kostn. á tímabilinu 28.05.2013–1.03.2016	Samtals kr.
Starfshópur um tryggingagjald erlendra launagreiðenda hér á landi (3.3.2015)	Semja frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald.		X	2	X		
Starfshópur um skattalega meðferð félaga vegna skiptinga þeirra og flutninga á lögheimili ásamt yfirfærslu einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag yfir landamæri (3.3.2015)	Semja frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, þess efnis að skattaleg meðferð félaga vegna skiptinga þeirra og flutninga á lögheimili og eignum ásamt yfirfærslu einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag yfir landamæri á EES-svæðinu verði sú sama og innan Íslands.		X	3	X		
Starfshópur um virðisaukaskatt í ferðabjónustu (25.2.2015)	Gera tillögur að einfaldara og skilvirkara virðisaukaskatts- og vörugjaldakerfi á Íslandi.		X	7	X		
Nefnd um breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (7.1.2015)	Leggja til viðeigandi breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi í samræmi við efnisreglur gerðanna, þá sérstaklega með hliðsjón af þeim heimildum til þvingunaraðgerða sem Eftirlitsstofnun EFTA mun fá bæði á grundvelli stofngerðanna og annarra afleiddra gerða.		X	3			
Nefnd um innleiðingu á MifiDII/MifiR (29.9.2015)	Vinna drög að lagafrumvarpi og reglugerðum til innleiðingar á nýrri tilskipun Evrópusambandsins um markaði fyrir fjármálagerninga (2014/65/ESB) ásamt meðfylgjandi reglugerðum, sér í lagi reglugerð um markaði fyrir fjármálagerninga (600/2014/ESB).		X	6			
Nefnd um innleiðingu tilskipunar nr. 2014/92/EU um greiðslureikninga (15.9.2015)	Vinna drög að lagafrumvarpi til innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins um greiðslureikninga (Directive 2014/92/EU of the European Parliament and of the Council of 23 July 2014).		X	5			
Samráðshópur ráðuneytisstjóra um innleiðingu laga um opinber fjármál (30.1.2015)	Fjalla um og vera verkefnisstjórn til ráðgjafar um áhrif innleiðingar laganna á starfshætti ráðuneyta og stofnana og fylgja eftir nauðsynlegum breytingum í því samhengi.		X	8			
Starfshópur um endurskoðun tolla af skóm og fatnaði (17.3.2015)	Afmarka þau tollskrárnúmer sem fatnaður heyrir undir, leggja mat á tekjuáhrif mögulegra tollskrárbreytinga og semja drög að lagafrumvarpi um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005.		X	3	X		
Starfshópur um innleiðingu tilskipana er varða opinber innkaup (23.2.2015)	Endurskoða núverandi lög um opinber innkaup, nr. 84/2007, til samræmis við nýju tilskipunina og gera drög að nýju frumvarpi. Þá skal hópurinn jafnframt gera drög að nýju frumvarpi er varðar innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.		X	4			
Starfshópur vaðandi lagareglur um uppljóstrun (e. Whistle Blowing) (11.12.2015)	Setja lagareglur um uppljóstrun (e. Whistle Blowing) í íslenskan rétt. Nánar tiltekið um uppljóstrun á brotum gegn lögum nr. 161/2002, um fjármála-fyrirtæki, og afleiddum reglum og reglugerðum.		X	6			

Nefnd, starfshópur eða verkefnisstjórn (skipun dags.)	Tílefni og meginviðfangsefni	Skipun skv. lögum eða ályktun Alþingis	Ákvörðun ráðherra eða ríkisstjórnar	Störfum Fjöldi	Störfum lokið	Kostn. á tímabilinu 28.05.2013–1.03.2016	Samtals kr.
Stýrihópur um landsumgjörð fyrir samvirkni í rafrænni þjónustu á Íslandi (22.9.2015)	Landsumgjörð fyrir samvirkni unnin í samræmi við tilmæli Evrópusambandsins um uppbyggingu slíkrar umgjörðar til að efla samvirkni í rafrænni þjónustu milli atvinnugreina og yfir landamæri.		X	6			
Verkefnahópur um innleiðingu áætlunar laga um opinber fjármál (29.1.2015)	Setja fram heildstæða tímaáætlun, leggja mat á verkferla, skipa vinnuhópa, meta kostnað og mannaflaþörf við að hrinda í framkvæmd einstökum þáttum frumvarpsins. Mikilvægir þættir í því verkefni eru m.a. tímasetning og eftirfylgni innleiðingar, stefnumótun ríkisfjármálaáætlana og tengsl hennar við fjárlagagerð, framsetning fjárlaga og tengsl þeirra við ríkisreikning, framkvæmd fjárlaga og innra og ytra eftirlit, upptaka nýrra staðla við reikningsskil, uppgjör og framsetning ríkisreiknings, mat á eignum í efnahagsreikningi og kostnaðarmat við innleiðingu.		X	5			
Starfshópur um skattlagningu kaupskipa- og þjónustuskipaútgærdar (2.3.2015)	Vinna drög að frumvarpi um sérstakar skattvilknanir til skipa sem skráð eru í hina íslensku alþjóðlega skipaskrá. Yfirfara núgildandi löggjöf um íslenska alþjóðlega skipaskrá og gera tillögu að nauðsynlegum breytingum.		X	4	X		
Starfshópur um gríðareglur og varnir gegn skattsvikum (16.10.2014)	a) Leggja mat á hvort ástæða er til að taka svokallað Amnesty-ákvæði upp í íslensk skattalög. b) Gera tillögu að Amnesty-ákvæðum í viðeigandi skattalögum ef starfshópurinn metur það svo að slík ákvæði geti skilað árangri. c) Leggja mat á hvort þörf er á að treysta og skýra betur núverandi lagaheimildir skattýfirvalda sem ætlaðar eru til að sporna gegn skattsvikum. d) Gera tillögu að lagaákvæðum skv. c-lið ef ástæða er til.		X	4	X		
Starfshópur um rekstrarskýrði Íslandsþósts ohf. (17.9.2014)	Meta rekstrarskýrði Íslandsþósts ohf. og leggja fram tillögur um hvernig gera má félaginu kleift að uppfylla alþjónustuskyldu sína án þess að rekstrarhæfi félagsins verði skert. Skal bæði horft til aðferða við ákvörðun verðskrár og hagræðingar á grunni endurskoðunar á þjónustuskuldum.		X	3	X		
Starfshópur um lagaumhverfi vegna stofnunar íslenskrar/alþjóðlegrar skipaskrár (30.5.2014)	Kanna á ný hvort unnt sé að útfæra lagaumhverfi í kringum skráningu kaupskipa á Íslandi með þeim hætti að Ísland verði samkeppnishæft á alþjóðavettvangi á sviði kaupskipaútgærdar. Í þessu sambandi skal starfshópurinn sérstaklega beina sjónum að því hvernig umhverfi fyrir skráningu hérlendis er fyrir skip sem koma að starfsemi vegna kolvetnisleitar á landgrunni Íslands.		X	4	X		
Nefnd um viðurlagaákvæði í löggjöf á sviði fjármálamarkaðar (21.5.2014)	Yfirfara viðurlagaákvæði í löggjöf á sviði fjármálamarkaðar. Meginhlutverk nefndarinnar er að greina og meta breytingar á fjórum þáttum í löggjöf á fjármálamarkaði er varða viðurlagakafla hennar.		X	8	X		
Yfirskattanefnd og ríkistollanefnd – endurskoðun laga (28.4.2014)	Gera tillögur til ráðherra um breytingar á lögum um yfirskattanefnd og taka sérstaklega til skoðunar aðkomu embættis ríkisskattstjóra að málum fyrir yfirskattanefnd og mismunandi reglur um tæmingu kæruleiða. Yfirfara löggjöf um ríkistollanefnd og meta hvaða fyrirkomulag er heppilegast til frambúðar varðandi kærheimildir og úrskurðarvald í tollamálum.		X	6	X		

Nefnd, starfshópur eða verkefnisstjórn (skipun dags.)	Tíðefni og meginviðfangsefni	Skipun skv. lögum eða ályktun Alþingis	Ákvörðun ráðherra eða ríkisstjórnar	Störfum Fjöldi	Störfum lokið	Kostn. á tímabilinu 28.05.2013–1.03.2016	Samtals kr.
Nefnd um heildarendurskoðun laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, (8.4.2014)	Gaugmæfa þróun á starfsemi annarra seðlabanka og löggjöf á sviði peningamála og efnahagsstjórnunar með það að markmiði að treysta trúverðugleika og sjálfstæði bankans og traust á íslenskum efnahagsmálum. Með hliðsjón af því umróti sem orðið hefur á fjármálamörkuðum á undanförunum árum skal nefndin einnig skoða hvort ástæða sé til að gera breytingar á skipulagi fjármálamarkaðar og Fjármálaeftirlitsins í því skyni að efla samstarf og skýra verkaskiptingu milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans.		X	3	X	Nefndarlaun 3.350.608	3.350.608
Nefnd um milliverðlagningu (18.2.2014)	Vinna reglugerð á grundvelli nýju löggjafarinnar um milliverðlagningu.		X	5	X		
Nefnd um skuggabankakerfið (5.2.2014)	Kortleggja skuggabankakerfið á Íslandi, hugsanleg áhrif aukinna krafna á fjármálafyrirtæki á aðra þætti fjármálakerfisins og alþjóðlega þróun á þessu sviði.		X	7	X		
Starfshópur um hreyfanleika viðskiptavina tryggingafélaga (14.1.2014)	Kanna hvernig háttáð er ákvæðum laga um váttryggingarsamninga annars staðar á Norðurlöndum hvað varðar heimildir váttryggingartaka til þess að segja upp samningum á samningstímanum, t.d. í þeim tilvikum þegar viðkomandi bjóðast betri kjör hjá öðrum váttryggjanda.		X	4	X		
Starfshópur um árangursríka samvinnu ríkis og einkaaðila (8.4.2014)	Móta stefnu um árangursríka samvinnu ríkis og einkaaðila með áherslu á innkaupamál. Við stefnumótun skal leita leiða til að gera núverandi innkaupaáferðir markvissari og árangursríkari. Auk þess er hópnun falið að leggja fram tillögur að aukinni hagræðingu við innkaup hjá ríkinu. Hópnun er einnig ætlað að fjalla um önnur viðfangsefni tengd innkaupum, þ.m.t. aukið samstarf við sveitarfélög, útvistun verkefna, samstarf ríkis og einkaaðila (public private partnership), og eftir atvikum leggja fram tillögur um þau.		X	5	X		
Nefnd um skilameðferð fjármálafyrirtækis (10.2.2014)	Fara yfir tillögur sérfræðingarnefndar um heildarumgjörð um fjármálastöðugleika á Íslandi, m.a. hvað varðaði skila- og slitameðferð fjármálafyrirtækja, eigið fé fjármálafyrirtækja og millibankaviðskipti.		X	5			
Samráðshópur um einfaldra virðisaukaskatts- og vörugjaldskerfi (10.2.2014)	Skila ráðherra tillögum að einfaldara virðisaukaskatts- og vörugjaldskerfi.		X	3			
Verkefnisstjórn um stofnanakerfi ríkisins (29.1.2014)	Undirbúa setningu heildstæðrar löggjafar um stofnanakerfi ríkisins og afnám ákvæða sérлага um skipulag og stjórnun stofnana. Hins vegar að leiða og samhæfa vinnu við einföldun ríkiskerfisins og eflingu stofnana með sameiningu, með hliðsjón af markmiðum fjárlagafrumvarps og tillögum hagræðingaráhópsins.		X	7			

Nefnd, starfshópur eða verkefnisstjórn (skipun dags.)	Tílefni og meginviðfangsefni	Skipun skv. lögum eða ályktun Alþingis	Ákvörðun ráðherra eða ríkisstjórnar	Störfum Fjöldi	Störfum lokið	Kostn. á tímabilinu 28.05.2013–1.03.2016	Samtals kr.
Nefnd um endurskoðun laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, (9.9.2013)	Endurskoðað lög um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með hliðsjón af þeim greinarmun sem birtist í dómaframkvæmd á heimildum til töku gengistryggðra lána annars vegar og erlendra lána hins vegar. Er nefndinni falið að kanna hvort takmarkanir eigi að vera á töku umræddra lána og þá hvers eðlis þær eigi að vera og til hverra þeim sé ætlað að taka, þ.e. einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila.		X	6	X		
Nefnd um athugun á stjórnarsýslu skattamála (20.9.2013)	Fjármála- og efnahagsráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd sem hefur það hlutverk að gera athugun á stjórnarsýslu skattamála á Íslandi. Vinna nefndarinnar er fyrsti áfangi í athugun á stofnanakerfi skattamála þar sem kortlögð verður starfsemi stofnana þess með tilliti til réttaröryggis, skilvirkni og jafnræðis, auk samstarfs og tengsla stofnana skattkerfisins við fjármála- og efnahagsráðuneytið.		X	4	X	Ferðakostn. 819.959	819.959
Fastanefnd á sviði greiðslumiðlunar (12.5.2014)	Fylgjast með og ræða þróun á sviði greiðsluþjónustu, hafa yfirsýn yfir málaflökkinn og vera fjármála- og efnahagsráðuneytinu til ráðgjafar við stefnumótun. Sérstaklega skal fylgst með réttarþróun Evrópusambandsins (ESB). Fastanefndin fylgist með og metur hvort íslenskar aðstæður kalli á sérlausnir, bæði þegar drög að nýjum reglum eru til umfjöllunar innan ESB og þegar verið er að taka Evrópulöggjöf inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn).		X	4			
Fastanefnd á sviði verðbréfavíðskipta og -sjóða (22.3.2013)	Fylgjast með og ræða þróun á sviði verðbréfavíðskipta og -sjóða, hafa yfirsýn yfir málaflökkinn og vera atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til ráðgjafar við stefnumótun. Sérstaklega skal fylgst með réttarþróun Evrópusambandsins. Fastanefndin fylgist með og metur hvort íslenskar aðstæður kalli á sérlausnir, bæði þegar drög að nýjum reglum eru til umfjöllunar innan ESB og þegar verið er að taka Evrópulöggjöf inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Meðfylgjandi eru drög að verklýsingu fyrir nefndina.		X	7			
Nefnd um fagfjárfestastjóði (22.8.2013)	Setja ítarlegri efnisreglur um fagfjárfestastjóði byggða á efnisreglum tilskipunarinnar, m.a. með hliðsjón af auknum umsvifum slíkra sjóða hér á landi. Þá ber nefndinni að taka til skoðunar afleiddar gerðir sem fylgja tilskipuninni, einkum framkvæmdarreglugerð AIFMD nr. 231/2013. Nefndinni ber einnig að skoða hvort íslenskar aðstæður kalli á sérlausnir við gerð frumvarpsins.		X	5			
Stýrinfund um afnám fjármagnshafta (20.11.2013)	Nefndin mun funda reglubundið með ráðherranefnd um efnahagsmál og leggja tillögur sínar fyrir hana.		X	4			

Nefnd, starfshópur eða verkefnisstjórn (skipun dags.)	Tilfni og meginviðfangsefni	Skipun skv. lögum eða ályktun Alþingis	Ákvörðun ráðherra eða ríkisstjórnar	Störfum Fjöldi lokið	Kostn. á tímabilinu 28.05.2013–1.03.2016	Samtals kr.
Verkefnisstjórn um afnám fjármagnshafa (20.11.2013)	Efnahags- og viðskiptaráðherra skipaði í ágúst 2011 nefnd til að „ tryggja samráð og samhæfingu við mótun og útfærslu stefnu um losun gjaldeyrishafa“ og endurskipaði nefndina með bréfi dags. 11. júní 2012 þar sem starfsumboð nefndarinnar er jafnframt framlengt ótímabundið. Vegna breytinga sem orðið hafa í ríkisstjórn Íslands og í Stjórnarráðinu síðan nefndin var skipuð hefur fjármála- og efnahagsráðherra ákveðið að skipa verkefnisstjórn sem kemur í stað nefndarinnar.		X	4		
Verkefnisstjórn um lækkun höfuðstóls verðtryggðra húsnæðislána (23.12.2013)	Annast um framkvæmd beinnar lækkunar á verðtryggðum íbúðalánnum heimilanna í samræmi við samþykkt í ráðherranefnd um úrlausnir í skuldamálum heimilanna frá 16. desember 2013.		X	5		
Vinnuhópur um innleiðingu EMIR og skortsölugerðar (23.9.2013)	Innleiða reglugerð (ESB) nr. 648/2012 um sérsniðnar afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskráningu og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga í íslenskan rétt.		X	8		